



80. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 1. apríl, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Tilboð í nýbyggingu fyrir snyrtiaðstöðu á tjaldstæðinu í Brautarhvammi.
2. Fundargerð Anvest.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Tilboð í nýbyggingu fyrir snyrtiaðstöðu á tjaldstæðinu í Brautarhvammi.**

Bæjarstjóri greindi frá tilboðum sem borist hafa í snyrtiaðstöðuna í lokuðu útboði frá tveimur fyrirtækjum, Kráki ehf. og Stíganda ehf. Tilboðin voru opnuð hinn 23. mars sl. og hjóða eftirfarandi:

*Krákur ehf. kr. 13.506.453,-
Stígandi ehf. kr. 13.590.843,-*

Ljóst er að útfærsla hönnuða snyrtiaðstöðunnar samræmist ekki upphaflegum hugmyndum bæjarstjórnar. Því hafnar bæjarráð báðum þessu tilboðum á þeim forsendum að fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar gerir ekki ráð fyrir þessum kostnaðartölum. Auðunn Steinn Sigurðsson situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

2. **Fundargerð Anvest.**

Stjórnarfundur var haldinn hjá Atvinnuþróunarfélaginu hinn 26. mars sl. á Siglufirði. Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

3. **Önnur mál voru engin.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20.

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)